



Fundargerð skólanefndar

haldinn í Toppnum

Dagsetning: 20.11.2025

Fundartími: 16:00

Fundarstjóri: Steinunn Inga Óttarsdóttir

Fundarritari: Dröfn Viðarsdóttir

Mættir: Steinunn Inga Óttarsdóttir, skólameistari, Dröfn Viðardóttir aðstoðarskólameistari, Guðrún Lind Gísladóttir fjármálastjórn, Finnogi Rögnvaldsson fulltrúi kennara, Sigfús Sæfells Magnússon fulltrúi foreldra, Sigurður Brynjarsson fulltrúi nemenda, Þórdís Eva Rúnarsdóttir, Ragnheiður Helgadóttir, Ellert Jón Björnsson.

Dagskrá

1. Fjárhagur skólans
2. Stefnumótun
3. Stefnumiðuð ríkisáætlun til 2027
4. Kennslukönnun 2025
5. Önnur mál

Fjárhagur skólans

Guðrún Lind fór yfir áætlaða rekstrarútkomu ársins. Gert er ráð fyrir því að talsverður halli verði á rekstri skólans. Það á einnig við um fleiri skóla. Stærstu útgjaldaliðir eru sem fyrr: laun og húsaleiga. En enn eiga eftir að berast frá FJR rekstrartilfærslur vegna launahækkana umfram þær sem gert var ráð fyrir í áætlun, starfsbrautar, farsældar, ÍSAN áfanga auk mögulegra viðbótarnemendaígilda en óskað hefur verið eftir 10 í viðbót þar sem stærsti árgangur sögunnar var innritaður í haust.

Fundarritari eða umsjónaraðili fundar sér til þess að fundargerðir og möguleg fylgiskjöl séu vistuð í GoPro. Ef framangreindir eru ekki með aðgang að GoPro leita þeir til skjalastjóra sem sér um vistunina.



Fjölbreytt skóli Vesturlands
á Akranesi

Það sem af er árinu 2025 eru þetta helstu breytingar á milli ára:

- Sértekjur hafa aukist um 3,71%.
- Launakostnaður hefur aukist um 64 milljónir á milli ára (9,09%)
- Þar af hefur dagvinna hækkað um 50 milljónir (10,37%) og yfirvinna um 11,8 milljónir (8,76%).
- Ferða og fundakostnaður hefur aukist um 1,5 milljónir (Mín framtíð, starfamessur), fengum 1,4 milljón kr. styrk frá SSV.
- Aðkeypt þjónusta hefur aukist um 1,5 milljón á milli ára – þar af flutningskostnaður um tæpar 500 þúsund og snjómokstur um 650 þúsund á milli ára.
- Húsaleigan hefur hækkað um 900 þúsund á mánuði á milli ára – greiðum nú 19,6 milljónir á mánuði til Ríkiseigna vegna húsaleigu.
- Annar rekstrakostnaður hefur aukist um 1,5 milljónir.
- Eftirstöðvar eignakaupaliðs er um 50 milljónir á árinu.
- Staða/Inneign FVA á viðskiptareikningi við Ríkissjóð hefur aukist um 3 milljónir og stendur nú í 101 milljón.

Rætt um áskoranir í ársáætlunargerð fyrir árið 2026. Skv. fjárlögum á nemendaígildum að fækka úr 480 í 470, þrátt fyrir fjölgun í skólanum og bæjarfélaginu sem skýrir hallann. Ætlum að reyna að ná þessum 10 sem okkur vantar.

Guðrún Lind yfirgefur fundinn.

Stefnumótun

Steinunn Inga fór yfir hverjar megináherslur skólans voru 2025, farið var yfir hvaða áherslu hafa verið í gangi og hvernig hefur gengið. Farið var yfir áherslurnar fyrir árið 2026. Áherslur næsta árs eru

- Fjölbreytt nám á við það besta sem gerst
- Framsækin og fagleg nálgun í námi og kennslu
- Tæknin nýtt til fulls
- Framúrskarandi vinnustaður
- Hagsýni og ráðdeild í rekstri

Farið var yfir hvaða mælikvarða við ætlum að styðjast við í þessari stefnumótunarvinnu.

(sjá meðfylgjandi glæru sem sendar voru með fundarboði)

Rætt m.a. um öfluga stoðþjónustu og farsælarmál sem eru í góðum farvegi.

Fundarritari eða umsjónaraðili fundar sér til þess að fundargerðir og möguleg fylgiskjöl séu vistuð í GoPro. Ef framangreindir eru ekki með aðgang að GoPro leita þeir til skjalastjóra sem sér um vistunina.



Fjölbrotaskóli Vesturlands
á Akranesi

Stefnumiðuð ríkisáætlun til 2027

Steinunn Inga sagði frá vinnu við stefnumiðaða ríkisáætlun sem skilað er árlega og hvaða áherslur við erum með.

Ríkisáætlunin hefur verið skilað inn til ráðuneytis og beðið er viðbragða.

Helstu áherslur á áætluninni eru m.a. að auka skólasókn, auka hlutfall stúlkna í verknámi, auka hlutfall innkaupa í rammamningi og stýra hópastærð þannig að sem hagkvæmast sé. Þó þarf alltaf að kenna fámenna hópa á þriðja þrepi.

Kennslukönnun 2025

Dröfn sagði frá kennslukönnun sem lauk nú í þessari viku. Kennslukönnunin var send til allra nemenda skólans og náði til allra hópa. Þátttaka í könnunni var mjög góð eða um 71,5%.

Könnunin kom vel út. Í öllum 9 spurningum könnunarinnar (sem endurspeglar m.a. áherslur í stefnumótuninni) voru meira en 80% sem svöruðu *mjög gott* eða *frekar gott*. Góð svörun var einnig í öllum opnum spurningum.

Önnur mál

Húsnæði

SIÓ sagði frá endurbótum á húsnæði skólans, m.a. að búið er að mála þó nokkuð af húsnæði skólans og heldur það verkefni áfram í jólaleyfi og gólfdukar hafa verið endurnýjaðir. Búið að mála sameiginleg rými á heimavist og verið er að skipta um hurðir, þeirra er beðið með óþreyju. Mörg herbergi á heimsvist eru orðin ansi lúin, unnið þrotlaust að því að fá Framkvæmdasýsluna til að fara í endurbætur á þeim.

SIÓ sagði frá málavöxtum vegna máls hjá Umboðsmanni alþingis.

Rætt um skólaböll, um edrúpottinn sem er stækkandi, viðbrögð við unglingadrykkju og fl.

SIÓ sagði frá heimsókn mennta- og barnamálaráðherra 14. nóvember sl. en hann er á yfirreið um landið að kynna áform um breytt fyrirkomulag framhaldsskóla.

Næsti fundur áætlaður á vorönn.

Fundi slitið kl. 17:07